

Nd.

**617. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um forðagæslu (þingskj. 514).

Frumvarp þetta er komið frá efri deild og hefir þar verið mjög vandlega íhugað. Ef það verður að lögum, á það að koma í staðinn fyrir horfellið frá 9. febr. 1900. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Um skipun forðagæslumanna er svo fyrir mælt, að þeir sjeu kosnir til 3 ára í senn í stað eins árs, og á það að vera til tryggingar því, að vel sje vandað til kosningarinnar, og að þeir, sem fyrir valinu verða, fái nokkra æfingu og reynslu í þessu vandasama starfi.

2. Um verksvið forðagæslumanna er svo ákveðið, að þeir fari 2 eftirlitsferðir á vetri í staðinn fyrir eina, og framkvæmi aukaskoðanir, svo oft sem þörf krefur. Með því lagi fá þeir nánari kynni af því, hvernig ástatt er, og geta gefið betri leiðbeiningar um það í tæka tíð, hvort hjálpar sje þörf.

3. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng, eru miklu viðtækari og haganlegri ákvæði en í núgildandi lögum. Geta þeir kosið um, hvort þeir vilja heldur afla sjer nægilegs fóðurs, ef þess er kostur, eða farga af búpeningi sínum, svo að því sje borgið, sem eftir lifir.

Allar þessar breytingar telur nefndin til bóta, og hefir engu verulegu við að bæta. Aðeins skal þess getið, að rjett þykir að forðagæslumenn skoði húsakynni fyrir búpening á eftirlitsferðum sínum, ennfremur, að þeim sjeu til hægðarauka fengin til afnota prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, og loks að bækur þær, er forðagæslumenn halda, sjeu eign landsins og geymist í Landsskjallasafninu.

Nefndin leggur því eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

#### BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Á eftir »heimili« (í 3. lið 3. línu) komi: svo og húsakynni fyrir búpening.
2. — 5. — Orðin »sem hreppssjóður borgar« (í 1. lið) falli burt.
3. — 6. — Orðið »rjettlátan« (í 2. lið 1. línu) falli burt.
4. — 8. — Fyrir »hallærisvarnarstjórnin« komi: Bjargráðastjórn landsins, og fyrir »hallærisvarnarstjórnarinnar« komi: Bjargráðastjórnar.
5. Á eftir 8. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu löggiltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðublöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru lands eign og sendast Landskjallasafninu, þá er þær eru full skrifaðar fyrir nokkru, eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

Neðri deild Alþingis, 28. ágúst 1913.

Jón Ólafsson,  
formaður.

Ólafur Briem,  
skrifari og framsögum.

Matth. Ólafsson.

Pjetur Jónsson.

Kristinn Daníelsson.